

## Minnisblað

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1678*  
*komudagur 19.2.2013*

Viðtakandi: Umhverfisnefnd Alþingis  
Höfundar: Forstöðumenn sjö náttúrustofa (Gunnar Þór Hallgrímsson, Ingvar A. Sigurðsson, Jón Ágúst Jónsson, Róbert A. Stefánsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Þorleifur Eiríksson og Þorsteinn Sæmundsson) f.h. Samtaka náttúrustofa (SNS)  
Dags.: 19. febrúar 2013  
Efni: Samstarf náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar

---

Í framhaldi af fundi fulltrúa Samtaka náttúrustofa með umhverfisnefnd Alþingis þann 18. febrúar 2013 eru hér umbeðnar upplýsingar um samstarf náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar á árinu 2012. Fyrst er talið upp hvað sagt er um samstarf þessara stofnana í lögum nr. 60/1992 og í samningum sveitarfélaga við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

### **Lög og samningar við sveitarfélög**

Í lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur er kveðið á um samstarf náttúrustofa við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun með eftirfarandi hætti:

- Í 3. gr. laganna segir að **forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands skuli boða árlega til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa** til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna.
- Í 9. gr. laganna segir m.a. að **náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands skuli hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.**
- Í 11. gr. laganna er kveðið á um samstarf við ríkið og stofnanir þess, auk þess sem sérstaklega er kveðið á um samstarf við umhverfisstofnun, í tveimur af helstu tilgreindum hlutverkum náttúrustofa:
  - d. **að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu** á verksviði stofunnar **að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra**, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
  - e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; **Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.**

Í nýgerðum samningum sveitarfélaga við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um rekstur náttúrustofa segir ennfremur um samstarf þeirra við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun: „Umhverfis- og auðlindaráðuneytið skal funda reglubundið, en þó eigi sjaldnar en árlega, með forstöðumönnum náttúrustofa, formönnum stjórna náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Boða skal til fyrsta fundar á árinu 2013 þar sem farið er yfir þau verkefni sem ofangreindar stofnanir hafa falið náttúrustofum á grundvelli d-

og e-liðar 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og samstarf þessara stofnana eins og getið er um í 9. gr. sömu laga.“ Sambærilegt ákvæði var að finna í eldri samningum.

### **Framkvæmd samstarfs – staðan í dag**

Fram að þessu hefur formlegt samstarf náttúrustofa við Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun verið lítið. Formleg samstarfsverkefni, skipt upp eftir náttúrustofum árið 2012 voru:

- **Náttúrustofa Vestfjarða:** Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun hafa ekki útvistað verkefnum til Náttúrustofu Vestfjarða. (Náttúrustofa Vestfjarða er með verkefni sem eru tilkomin vegna tillagna Vestfjarðanefndar og mótvægisáðgerða vegna þorskaflasamdráttar og vinnur í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Þessi verkefni eru fjármögnuð sérstaklega, sem hluti mótvægisáðgerða vegna þorskaflasamdráttar).
- **Náttúrustofa Norðurlands vestra:** Engin verkefni 2012.
- **Náttúrustofa Norðausturlands:** Engin formleg samstarfsverkefni árið 2012 en tvö smærri verkefni þar sem leitað var eftir séfræðiráðgjöf:
  - *Landverðanámskeið UST: kennsla (1,5 mannvika).*
  - *Natura Ísland: sérfræðiaðstoð við gróðurkortlagningu (3 mannvikur).*
- **Náttúrustofa Austurlands:** Engin formleg samstarfsverkefni árið 2012 en Náttúrustofan hefur þó átt gott samstarf við starfsmenn veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar um vöktun hreindýra og stjórn hreindýraveiða.
- **Náttúrustofa Suðurlands:** Úttekt á fuglalífi í Dyrhólaey 2012. Gerð fyrir Umhverfisstofnun.
- **Náttúrustofa Suðvesturlands:** Stofan gerði tímabundinn samstarfssamning við Náttúrufræðistofnun um vinnu við fjörukortlagningu í verkefninu Natura Ísland.
- **Náttúrustofa Vesturlands:** Engin verkefni 2012.

Meginhluti þess samstarfs sem náttúrustofur hafa haft við Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið óformlegt, á milli starfsmanna. Hefur það í raun gengið mjög vel en í þeim verkefnum eru báðar stofnanir að leggja til sína vinnu og verkefni eru sameiginleg. Nokkuð er þó einnig um að náttúrustofur leggi til vinnu og annan kostnað í verkefni sem eru alfarið á könnu Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofur eru ekki formlegir þátttakendur í. Má þar nefna t.d. rjúpnavöktun, vöktun arnarstofnsins, vetrarfuglatalningu og rannsóknir á heilbrigði rjúpnastofnsins.


Aðeins tvisvar sinnum hefur umhverfisráðuneytið boðað til samráðsfundar á milli náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, sbr. samning um rekstur náttúrustofanna við sveitarfélög.

Árlega fá náttúrustofur boð um þátttöku í ársfundi Náttúrufræðistofnunar, þar sem þeim er boðið að halda stutt erindi um starfsemi sína. Ekki er hægt að segja að það sé í samræmi við að árlega skuli fundað „til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna“, sbr. lagaákvæðið.

### ***Framtíðarsýn***

Samtök náttúrustofa sjá fyrir sér að samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun verði komið í formlegra ferli og verkefnum þessara ríkisstofnana verði beint til náttúrustofanna í meira mæli en nú er, sbr. anda laganna um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur og hugsuninni á bak við stofnun náttúrustofanna.

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa (SNS),



Ingvar A. Sigurðsson, formaður